

Menntabúðir

UT í námi og kennslu

Haustmisserið 2014 verða haldnar 5 menntabúðir um upplýsingatækni í námi og kennslu. Alltaf á sama tíma **kl. 16:15-18:15** í stofu **H-207** í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Skráning er nauðsynleg.

- 18. september: Fartækni/snjalltækni
- 16. október: eTwinning
- 30. október: Sköpun
- 13. nóvember: Vendikennsla
- 27. nóvember: Opið hús/brot af því besta



Menntabúðir er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Þær eru ætlaðar **starfandi kennurum** á öllum skólastigum og **kennaranemum**. Meginmarkmiðið er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað. Jafnframt fá þátttakendur tækifæri til að læra og prófa sig áfram með ýmis áhugaverð viðfangsefni. Menntabúðir stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi.

Þátttakendur geta fengið staðfesta viðurkenningu á endurmenntun frá [Starfsþróun Menntavísindastofnunar HÍ](#). **Þátttaka er ókeypis** en gert er ráð fyrir virkri þátttöku. Þátttakendur eru beðnir að koma með framlag í búðirnar en ekki er ætlast til að allir komi með innlegg. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námsskrárvinnu, eða að varpa fram spurningum. Þátttakendur eru hvattir til að koma með fartæki (fartölvu, spjaldtölvu, snjallsíma,...) með sér og hægt verður að tengjast neti.